

Sp. 535. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um endurskoðun hafnalaga.

Flm.: Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Steinþór Gestsson, Pálmi Jónsson, Jónas Pétursson, Jón Árnason, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma endurskoðun á hafnalögum og leggja frumvarp til nýrra hafnalaga fyrir næsta Alþingi.

Við þá endurskoðun skal lögð höfuðáherzla á að auka verulega tekjur hafnabótasjóðs með það fyrir augum, að hann geti létt útgjöldum af sveitarfélögum, sem lagt hafa í kostnaðarsamar hafnarframkvæmdir og geta á engan hátt staðið við skuldbindingar sínar vegna þeirra lána, sem þau hafa tekið. Enn fremur verði sett skýrari ákvæði um skiptingu á stofnkostnaði ríkis og sveitarfélaga í hafnarframkvæmdum og að því stefnt að samræma gjaldskrár hafna, eins og frekast er kostur.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til, að framkvæmd verði endurskoðun á núgildandi hafnalögum. Þau lög voru samþykkt á Alþingi 18. apríl 1967, og voru þá úr gildi felld lög frá 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, með síðari breytingum, og lög frá 1943, um hafnarbótasjóð, ásamt síðari breytingum.

Alþingi samþykkti 26. marz 1958 að endurskoða þágildandi lög um hafnir og var nefnd skipuð 12. sept. s. á. til þess að gera þessa endurskoðun, og lauk nefndin þessum störfum sínum á árinu 1961 og skilaði álit í frumvarpsformi ásamt greinargerð til samgönguráðuneytisins, en frumvarp þetta var ekki flutt á Alþingi.

Ráðherra hafnamála skipaði 2. ágúst 1966 nefnd til þess að endurskoða lög um hafnargerðir og lendingarbætur og skyldi hún jafnframt kynna sér tillögur þær, sem fyrir lágu um breytingar á þessum lögum. Nefnd þessi lauk störfum 14. marz 1967 og samdi frumvarp til nýrra hafnalaga. Þetta frumvarp var lagt fram á Alþingi og samþykkt 18. apríl 1967 með nokkrum breytingum. Þótt ekki sé lengra liðið, frá því að lög þessi voru sett, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu brýna nauðsyn bera til að endurskoða þessi lög. Sérstaklega teljum við nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði laganna, sem fjalla um hafnabótasjóð, á þann veg að auka verulega tekjur sjóðsins.

Í frv. til hafnalaga frá 1967 voru hafnabótasjóði ætlaðar tekjur frá ríkissjóði, árlegt framlag ekki minna en 8 millj. kr., og sérstakt hafnabótasjóðsgjald, sem lagt skyldi á öll íslensk skip, ákveðin upphæð á rúmlest í skipi, og á öll skip, sem koma frá öðrum löndum til íslenskra hafna. Í meðförum Alþingis var fellt niður úr frv. sérstakt hafnabótasjóðsgjald, og eru tekjur hafnabótasjóðs samkv. gildandi lögum því eingöngu árlegt framlag ríkissjóðs til sjóðsins og tekjur af starfsemi hans.

Framlag ríkissjóðs til hafnabótasjóðs hefur, frá því að núgildandi hafnalög tóku gildi, verið 8 millj. kr. á ári, þangað til 1970, að það var hækkað í 17 millj. kr. og er óbreytt upphæð á fjárlögum þessa árs.

Í hafnalögum segir um hafnabótasjóð: „Sjóðnum er heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar.“

Eins og að líkum lætur, hefur hafnabótasjóður ekki verið fær um að styrkja þessa hafnarsjóði nema að mjög takmörkuðu leyti, vegna þess að það fé, sem hann hefur haft úr að spila, er af skornum skammti.

Það er vitað mál, að mörg sveitarfélög hafa lagt út í mjög kostnaðarsamar hafnarframkvæmdir á undanfórnum árum, og enn þá er víða eftir að vinna að hafnarframkvæmdum fyrir mikið fé.

Mörg sveitarfélög, einkum þau sem fámenn eru, hafa ekki reynzt fær um að standa við greiðslu vaxta og afborgana af lánnum vegna hafnarframkvæmda, þó að þau hafi lagt þungar byrðar á útsvarsgreiðendur sína. Aðstöðumunur þessara sveitarfélaga er gífurlegur gagnvart þeim, sem geta látið hafnarsjóði sína standa undir framkvæmdum og rekstri hafna sinna. Sá aðstöðumunur leiðir til þess, að aðrar þarfir sitja á hakanum, og bilið á milli sveitarfélaganna breiðkar að sama skapi.

Það er skoðun okkar, að hér þurfi að gera breytingu á þann veg að auka tekjur hafnabótasjóðs, þannig að hann geti tekið að sér að greiða þann hluta hafnalána, sem er að dómi fjárveitingavaldsins ofvaxið þessum sveitarfélögum að standa undir.

Þá teljum við, að setja þurfi skýrari ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar hafnarframkvæmda á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, og teljum eðlilegt, að framlag ríkissjóðs til hafnargarða (öldubrjóta) sé það sama, þó að þeir nýtist til viðlegu.

Einnig teljum við þörf á, að reynt sé að samræma gjaldskrár hafnanna eins og frekast er kostur, en á því er mikill misbrestur, og er það ekki sít í sambandi við vörugjaldataxta hafnanna.

Auk þessa, sem nú hefur verið lýst, hefur komið í ljós, að nokkur atriði í núgildandi hafnalögum þarfnast lagfæringar við.

Eins og fram hefur komið, er knýjandi nauðsyn á að framkvæma endurskoðun þessara laga, því að mörg sveitarfélög, sem nú ráða ekki við þau lán, sem þau hafa tekið, þola ekki að biða lengi eftir því, að úr þessu verði bætt.